

Mál nr. 295/2019**M og****V v/ ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu vegna tjóns á bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10. september 2019, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 19. september 2019, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur M, dags. 19. september 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi hinn 29. júlí verið með bifreið sína á verkstæði X til að láta skipta um ljósaperur og til þess hafi þurft að opna húdd á bifreiðinni. M hafi síðan eftir það ekið um 200 til 300 metra og þá hafi húddið opnast og farið á framrúðu bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að það skemmdist, sem og bretti og annað á bifreiðinni. M telur að rekja megi tjón á bifreið hans til mistaka af hálfu starfsmanna X þar sem þeir hafi ekki lokað húddinu á bifreið hans nægilega vel eftir að þeir skiptu um ljósaperur. M vísar því á bug að festing hafi verið í ólagi eða tjónið megi rekja til ástands bifreiðarinnar og telur einsýnt að starfsmenn X hafi ekki séð til þess að húdd á bifreiðinni væri nægilega lokað auk þess sem þeir hinir sömu hefðu átt að vara M við ef þeir töldu ástand bifreiðarinnar vera þannig að hætta skapaðist af.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ekki sé sannað að tjón M megi rekja til háttsemi starfsmanna X og telur að m.v. ástand bifreiðar M þá sé allt eins líklegt að ástand bifreiðarinnar hafi verið með þeim hætti að festingar á húddi hafi gefið sig. Þar vísar V til þess að viðhald bifreiðarinnar hafi ekki verið fullnægjandi og megi allt eins rekja tjónið til þess.

Álit.

Í málinu er staðreynt að M leitaði með bifreið sína á verkstæði X til að láta skipta um perur í ljósum. Við það verk þarf að opna og loka aftur húddi bifreiðarinnar. Þó stuttur tími hafi liðið frá því að M ók út af verkstæði X eftir peruskiptin liggur ekki fyrir með vissu hvað varð til þess að húdd á bifreið hans opnaðist. Ekki liggur t.d. fyrir mat óháðra aðila á ástandi bifreiðarinnar eða líklegri ástæðu tjónsins. M ber sönnunarbyrði fyrir því að starfsmenn X hafi sýnt gáleysi við að loka húddinu og að það sé eina mögulega ástæða tjónsatviksins. Hallann af sönnunarskorti vegna þess verður að leggja á M og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V m.v. fyrirbyggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. október 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.